



HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2015

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið
1. janúar til 31. desember 2015.

Reykjavík, 1. júní 2016

Ottó Schopka

Guðrún Pétursdóttir

Þórunn Þórhallsdóttir

Birgir Ingimarsson

Dagbjört Oddný Matthíasdóttir

Baldvin Jónsson

Bryndís Björk Kristjánsdóttir

AÐALFUNDUR 3. JÚNÍ 2016

SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 3. júní 2015. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Ottó Schopka; varaformaður Guðrún Pétursdóttir; ritari Dagbjört Oddný Matthíasdóttir; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Birgir Ingimarsson. Varamenn: Bryndís Björk Kristjánsdóttir og Baldvin Jónsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Þór Jakobsson og Jóhanna Jóhannesdóttir. Edda Heiðrún Backman, heiðursfélagi HG, er sérlegur ráðgjafi samtakanna, einkum í málum er snerta fjáröflun og kynningu. Stjórnin hefur notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

Helstu atburðir

Þegar ljóst varð eftir fund með heilbrigðisráðherra í ágúst 2014 að dráttur yrði á byggingaframkvæmdum við Grensásdeild ákvað stjórn HG að skynsamlegt gæti verið að nýta a.m.k hluta þeirra fjármuna sem fyrir hendi eru til að endurhanna lóðina við Grensásdeild og gera hana þannig að hún nýtist skjólstaðingum deildarinnar til útivistar og til þjálfunar. Þar mætti koma fyrir aflíðandi stígum, þrepum og brúnum sem brýnt er að hreyfihamlaðir geti æft sig á. Auk trjágróðurs og blóma, mætti koma fyrir matjurtagarði og hluti beðanna gæti verið upphækkaður – t.d. á borðum – þannig að vinna mætti við þau úr hjólastól. Þannig gæfi garðurinn nýja möguleika fyrir iðjuþjálfun. Þessi hugmynd fékk góðan hljómgrunn hjá forsvarsmönnum spítalans. Í þessu sambandi komu fram hugmyndir um aðkomu borgarinnar að málinu og samstarf um gerð lystigarðs og jafnvel kaffihúss á lóðinni við Grensásdeild. Við ítarlegi skoðun á þessum hugmyndum kom fram að nauðsynlegt væri að endurskoða fyrirkomulag í núverandi húsnæði Grensásdeildar, m.a. með tilliti til eðlilegs aðgengis að endurhæfingarгарðinum, sem gæti kostað talsverða hönnunavinnu. Óskuðu Hollvinir því eftir fundi með Páli Matthíassyni forstjóra LSH og yfirstjórn spítalans til viðræðna um þessi mál og fór sá fundur fram 17. desember sl. Fulltrúar HG kynntu hugmyndir sínar um endurhæfingarгарð og lýstu jafnframt vilja til að koma öðrum verkefnum er vörðuðu umbreytingu núverandi húsnæðis. Þá kom fram, að m.a. vegna ástand þaks hússins hefðu komið fram hugmyndir um að reisa heila hæð ofan á þriðju hæðina. Ennfremur bæri brýna nauðsyn til að breyta tvíbýlisstofum í einbýli og færa ýmsan búnað til nútímans. Niðurstaða fundarins var að mikilvægt væri, að fram færi frekari greining á fyrirliggjandi hugmyndum og

þarfagreiningum og nýjar hugmyndir metnar. Ákveðið var að Landspítali stæði fyrir hugmyndavinnustofu með aðferðafræði 3P snemma árs 2016.

Bítlátónleikar í Háskólabíó

Laugardaginn 30. maí 2015 efndu Hollvinir Grensásdeildar til styrktartónleika í Háskólabíó sem tókust afar vel. Tónleikarnir sem nefndir voru „Bítlakrás fyrir Grensás“ voru hugmynd Birgis Ingimarssonar, sem er einn þeirra sem notið hafa þjónustu Grensásdeildar og vildi sýna deildinni þakklæti sitt með því að gera þessa hugmynd að raunveruleika. Margir landsþekktir listamenn komu fram á tónleikunum og fluttu lög bítlanna Lennon og McCartney. Þeir gáfu vinnu sína og lögðu þannig Grensásdeild ómetanlegt lið. Kynnar á tónleikunum voru Helgi Pétursson og Bogi Ágústsson. Meðal fjölmargra listamanna sem komu fram voru Ari Jónsson, Arnar Jónsson, Björn Thoroddsen, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Örn Gauti Jóhannsson, Gospelkór Jóns Vídalín, hljómsveitin Bandið bak við eyrað, Maíkvartettinn, og sönghópur úr Domus Vox. Hljómsveit undir stjórn Davíðs Sigurgeirssonar lék undir með listamönnum.

Leynigestur tónleikanna vakti mikla athygli, en það var Stefán Eiríksson, fyrrv. lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, sem söng „She Came through the Bathroom Window“. Þetta atriði var sýnt í fréttatíma RÚV, nánast í beinni útsendingu. Síðan fór Arnar Jónsson með „A Hard Day's Night“ við undirleik Maíkvartettsins

Ýmis ávörp voru flutt af sýningartjaldi, Edda Heiðrún Backman bauð gesti velkomna, formaður Hollvina Grensásdeildar, Ottó Schopka, flutti ávarp og Stefán Yngvason, yfirlæknir Grensásdeildar LHS, lýsti hve mikils virði það er fyrir Grensásdeild að hafa bakhjarl eins og Hollvinafélagið. Þá voru einnig sýnd viðtöl við þrjá skjólstæðinga Grensásdeildar, þau Helgu Þórarinsdóttur, Björn Rúnar og Bryndísi Kristjánsdóttur, sem sögðu frá því hvers virði deildin er þeim. Þessi viðtöl eru nú aðgengileg á vef Hollvina, www.grensas.is

Hollvinafélagið notaði þetta tækifæri til að afla nýrra félaga og skráðu um 150 nýir félagsmenn sig í félagið.

Hollvinir Grensásdeildar standa í mikilli þakkarskuld við alla þá frábæru listamenn sem komu fram á tónleikunum og gáfu vinnu sína svo og við frumkvöðulinn Birgi Ingimarsson sem dreif málið áfram af aðdáunarverðum áhuga og elju og hreif alla með sér sem til var leitað.

10 ára afmælisrit Hollvina Grensásdeildar

Í tilefni af 10 ára afmæli félagsins vorið 2016 var ákveðið að gefa út blað. Formaður félagsins vann ap undirbúningi þess og lagði til að Anna Kristine Magnúsdóttir, félagi HG og sjálfstætt starfandi blaðamaður, sem notið hefur þjónustu Grensásdeildar, yrði fengin til að taka að sér ritstjórn blaðsins.

Tækjagjafir

Árið 2013 var samþykkt að verja 4,8 millj. kr. kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði, sem Grensásdeild hefur skort en þeirri upphæð hafði ekki verið ráðstafað að fullu á því ári og færðust eftirstöðvarnar því yfir á síðasta ár. Árið 2014 var svo ákveðið að verja 1 millj. kr. til kaupa á búnaði fyrir deildina sem bættust við ónotaðar eftirstöðvar fyrra árs. Enn er órástafað um 1,3 millj. kr. af þessum fjárframlögum eins og fram kemur í ársreikningi félagsins. Meðal þess sem keypt hefur verið eru dýna með tilheyrandi og ennfremur ný gluggatjöld fyrir glugga á vesturhlið annarar hæðar.

Þá vildi stjórn HG votta starfsfólki Grensásdeildar sérstaklega þakklæti fyrir það frábæra starf sem það vinnur, oft undir afar erfiðum kringstæðum, og samþykkti að gefa Starfsmannafélagi Grensásdeildar 250.000 kr. Sú greiðsla var innt af hendi í byrjun þessa árs og kemur því ekki fram í ársuppgjöri fyrir síðasta ár.

Fastar tekjulindir

Basar: Ein af föstum tekjulindum samtakanna er basar, sem að þessu sinni var haldinn á nýjum stað, nú í safnaðarheimili Neskirkju þ. 14. Nóvember 2015. Basarinn skilaði að frádregnum kostnaði um 1.150 þús. kr., sem er verulega hærri upphæð en árið áður, þegar afraksturinn nam um 508 þús. kr. Margir urðu til að leggja HG liðveislu til að ná þessum árangri með því að gera og/eða leggja til fallega muni, fatnað, kökur og annað til sölu á basarnum og aðstoða við basarinn sjálfan. Í þeim hópi voru m.a. starfsfólk á Grensásdeild og félagar í bifhjólasamtökunum Sniglunum. Þessi hópur velunnara félagsins sem kemur að undirbúningi basarsins hefur farið stækkandi á undanförunum árum og stendur félagið í þakkarskuld við allt það fólk sem leggur á sig ómælda vinnu til að árangurinn af basarnum verði sem mestur. Þá studdi Safnaðarheimili Neskirkju atburðinn með afslætti á leigu og Sjóva tryggði sölumuni án iðgjalds.

Félagsgjöld: Innheimt félagsgjöld á árinu voru 690 þúsund krónur.

Minningarkort: Þýðingarmikil tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 347 þús. kr. á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þórólfsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, því hún hefur tekið að sér í aukavinnu, að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

Styrkir:

Reykjavíkumaraþon: Maraþonhlaup Íslandsbanka skilaði Hollvinum Grensásdeildar stórkostlegum árangri að þessu sinni. Meira en 40 hlauparar hlupu fyrir Hollvini Grensásdeildar og söfnuðu samtals 2.831.011 krónum sem skilaði um 2,7 millj. króna til HG að frádregnum kostnaði við hlaupið. Hlauparar okkar lentu í 3., 4. og 21. sæti í fjáröfluninni „Hlaupum til góðs“. Kjartan Þór Kjartansson safnaði tæplega 1,2 millj. krónum og varð í þriðja sæti allra þeirra hlaupara sem „hlupu til góðs“ og Thelma Karítas lenti í fjórða sæti og safnaði tæplega 900 þús. kr. Margir ættingjar og vinir Thelmu hlupu með henni og söfnuðu umtalsverðum áheitum þannig að heildarupphæðin er talsvert hærri. Í þriðja sæti hlaupara

HG var nýi stjórnarmeðlimur félagsins, Bryndís Björk, sem safnaði tæplega 300 þús. kr. áheimum. Stjórn HG færir öllu þessu fólki sérstakar þakkir fyrir framlag þess.

Smartmedia: Fyrirtækið, sem hannaði vefsíðu HG upphaflega endurgjaldslaust og sem hefur vistað hana síðan gegn árgjaldi, hefur ákveðið að fella gjaldið niður til frambúðar. Þessi rausn sparar samtökunum 60 þús. kr. á ári.

Aðrir gjafir: Ýmis framlög bárust félaginu á árinu og vildu gefendur oft ekki láta nafns síns getið. Alls námu þessar gjafir um 1.140 þús. kr. á árinu.

Sala geisladisks „Gæðablóðs“: Snemma á síðasta ári hófst sala á geisladisknum „Með sorg í hjarta“ í fjáröflunarskyni fyrir Hollvini Grensásdeildar. Hljómsveitin Gæðablóð, sem spilar lögin á geisladisknum, var stofnuð í Reykjavík árið 2007 af Tómasi M. Tómassyni, Magnúsi R. Einarsyni og Kormáki Bragasyni. Ólafur Þórðarson í Ríó tríóinu, bróðir Kormáks, var vistmaður á Grensás seinasta árið áður en hann lést. Hljómsveitin ákvað að styrkja Grensásdeildina í minningu Ólafs með sölu á disknum. Er skemmst frá því að segja, að geisladiskurinn hefur fengið ótrúlega góðar viðtökur og sala hans farið fram úr björtustu vonum og fært HG umtalsverðar tekjur eins og fram kemur í ársreikningum samtakanna.

Fjárhagur

Eins og fram hefur komið er starfsemi tengd *Á rás fyrir Grensás* aðskilin frá annarri starfsemi HG og gilda sérstakar reglur um hvernig ráðstafa megi söfnunarfénu. T.d. skal fé eingöngu varið til nýbygginga eða viðbóta við húsnæði Grensásdeildar og að því loknu, eða fyrir ef kringumstæður réttlæta, til kaupa á háþrúðum tækjum og útbúnaði til endurhæfingar; fé skal ekki varið til reksturs Grensásdeildar.

Innistæður á reikningum *Á rás fyrir Grensás* eru helstu eignir samtakanna. Í árslok 2015 námu þær samtals 93,8 m. kr.. Til að draga úr áhættu hefur ávöxtun söfnunarjárins verið dreift milli Arion banka, Íslandsbanka og Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Um skammtíma ávöxtun er að ræða og mjög íhaldssamri stefnu fylgt þar sem megin áherslan er á ríkistryggð skuldabréf og víxla og bankareikninga með stuttan bindistíma.

Í árslok 2015 námu skuldlausar eignir HG sjálfra 22,9 m.kr. og heildareignir samtakanna 116,7 m. kr.. Stjórnin vill í sambandi við ársreikningana sérstaklega geta þeirrar velvildar Valdimars Guðnasonar að vera gjaldkera samtakanna til aðstoðar við gerð reikninganna endurgjaldslaust.

Félagatal og árgjald

Félagar í HG eru nú 420 og fjölgaði þeim verulega á árinu, aðallega í sambandi við Bítlatónleikana 30. maí sl. Á síðasta aðalfundi var árgjaldið hækkað í 2.000 krónur en hafði verið óbreytt, 1.500 krónur, næstliðin fjögur ár á sama tíma og innheimtukostnaður sem og almennt verðlag hafði hækkað talsvert. Varð því ekki hjá því komist að hækka árgjaldið. Þessi hækkun samfara aukningu félagsmanna hefur leitt til þess að tekjur af árgjaldinu nær

tvöfölduðust milli ára og námu 690 þús. kr. í fyrra. Stjórnin leggur til að árgjaldið verði óbreytt, 2.000 krónur.

Vefsíða

Vefsíða HG, www.grensas.is, var uppfærð og endurbætt fyrir þremur árum með það að markmiði að gera hana að enn meira lifandi gagni. Hefur það tekist ágætlega og fá allir félagar sem hafa netfang sérstaka tilkynningu í tölvupósti í hvert sinn sem nýtt efni birtist á vefsíðunni. Þar sem rúmlega fjórðungur félagsmanna hefur ekki netfang var prentað sérstakt fréttabréf sl. sumar og sent í pósti til allra félagsmanna með greiðsluseðli vegna árgjaldsins. Voru félagsmenn þar upplýstir um störf félagsins sl. starfsár.

HG á Facebook

Ný fésbókar-síða var opnuð árið 2014 en nokkrum ruglingi hefur valdið, að enn er opin síða á fésbókinni í nafni Grensásdeildar síðan átakið „Á rás fyrir Grensás“ var í gangi og hefur ekki tekist að fá henni lokað. Virkni á nýju síðunni jókst allmikið á síðasta ári og nýttist hún vel til kynningar bæði á Bítlatónleikunum, Reykjavíkumaraþoninu og basar félagsins.

Starfsáætlun komandi árs

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á stuðning við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

Lokaorð

Stjórnin þakkar af alhug öllum þeim, sem stutt hafa starf HG á árinu en þessi stuðningur er samtökunum ómetanleg hvatning. Þá vill stjórnin sérstaklega votta starfsfólki Grensásdeildar virðingu sína og aðdáun fyrir hið frábæra starf sem það hefur unnið, oft undir afar erfiðum kringstæðum einkum hin seinustu ár. Án þessara fágætu einstaklinga væri Grensásdeild ekkert.